

# Fréttapistill frá forseta Íslands

10. maí 2021

Hver sólardagurinn rekur nú annan víða um land. Þetta verður gott sumar. Á Bessastöðum hófst nýliðin vika á því að ég tók á móti Brandi Bryndísarsyni Karlssyni frumkvöðli. Við ræddum aðgengismál fatlaðra, það sem breyst hefur til batnaðar í þeim efnum undanfarin ár og annað sem gera þarf betur. Brandur mun senn ferðast víða um landið og kanna hvernig aðgengismálum er háttað. Hann á einna mestan heiður af því að ráðist var í endurbætur á þessu sviði á Bessastöðum.

Að kvöldi dags þáðum við Eliza gott boð gamals vinafólks okkar í Vesturbæ Reykjavíkur og nutum máltíðar á heimili þeirra að kvöldi dags. Derya og Ahmet fasta yfir daginn á Ramadan en mega svo nærast þegar sól er gengin til viðar, eða því sem næst þegar fjær dregur miðbaugi. Þau fræddu okkur frekar um þennan sið og lífið og tilveruna hér á Íslandi frá þeirra bæjardyrum séð. Þetta var góð kvöldstund.

Daginn eftir, þriðjudaginn 5. maí, fagnaði Eliza kona mín 45 ára afmæli og áttum við fjölskyldan góða stund saman af því tilefni. Fyrr um daginn heimsótti Eliza sjúkrahúsið Vog og kynnti sér starfsemi SÁÁ. Þá voru afhentir fyrstu fimm álfarnir í álfasölu SÁÁ 2021 en álfurinn hefur verið mikilvægasta fjáröflunarleið samtakanna í 30 ár. Auk Elizu tóku við álfinum þær Alma Möller landlæknir, Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Kristín Jónsdóttir jarðskjálftafræðingur og Sigríður Dóra Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri lækninga hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Þennan sama dag tók Eliza einnig við Mæðrablóminu 2021 á Bessastöðum, til styrktar Menntunarsjóði Mæðrastyrksnefndar. Þær Vigdís Finnbogadóttir hafa verið sérstakir velunnarar sjóðsins sem styrkir tekjulágar konur til náms. Á hverju ári bætist nýr velunnari í hópinn og að þessu sinni var það Katrín Tanja Davíðsdóttir, tvöfaldur heimsmeistari í CrossFit.

Snemma að morgni fimmtudagsins 6. maí hélt ég í bækistöðvar Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu. Þar vinnur einvalalið, setur bóluefni gegn Covid-19 í sprautur og sinnir öðrum nauðsynlegum undirbúningi. Svo lá leiðin niður í Laugardalshöll. Ég hef lýst því áður að mér leið eins og fram undan væri spennandi landsleikur og í höllinni stóðu stelpurnar okkar og strákararnir okkar svo sannarlega fyrir sínu. Fagmennska, fumleysi og hlýja einkenndi hvert handtak. Ég ítreka þakki mínar fyrir hönd þjóðarinnar til allra sem standa vaktina fyrir okkur í baráttu við vághestinn, um samfélagið allt.

Ég ítreka líka góðar óskir til þeirra sem glíma við hópssmit um þessar mundir og nú nýverið, í Ölfusi, á Flúðum og í nágrenni og í Skagafirði. Þá sendi ég Ram Nath Kovind, forseta Indlands, kveðju vegna þess neyðarástands sem nú ríkir þar í landi. Ég minntist með ánægju opinberrar heimsóknar indversku forsetahjónanna til Íslands í hittifyrri og kvaðst hlakka til þess dags þegar ferðir milli landa verða frjálstar á nýjan leik, mannkyni til heilla.

Á föstudaginn var stóð ÍSÍ fyrir Íþróttabingi, í 75. sinn. Ég flutti þar ávarp en vegna samkomutakmarkana, sem enn gilda, var þetta fjarþing og voru orð mín því tekin upp og sýnd stafrænt. Þegar heimsfarsóttinni lýkur verðum við að mörgu leyti reynslunni ríkari. Við munum vonandi fækka ónauðsynlegum ferðum og fundum, þótt ekki væri nema í þágu umhverfisverndar. En að sjálfsögðu munum við líka taka á ný upp þann góða sið að hittast og ráða málum okkar.

Um helgina var ég í Vestmannaeyjum og tók þátt í árlegu víðavangshlaupi þar, Lundahlaupinu (Puffin Run). Ég þakka þeim kærlega sem sáu um hlaupið frá upphafi til enda og Eyjamönnum öllum fyrir gestrisni og hlýhug. Hlaupaleiðin er einstaklega falleg, fjölbreytt en erfið á köflum svo að stundum þurfa sum okkar að hlaupa við fót frekar en að spretta úr spori, jafnvel ganga þegar brekkan er hvað bröttust eða hraunið hvað verst yfirferðar. Í gleðinni þegar endamarkið var innan seilingar kallaði ég til ágæts heimamanns að þetta hlyti bara að vera fallegasta hlaupaleið í heimi. Síðar um daginn þegar ég hvíldi lúin bein heyrði ég að einhver eyjarskegginn hefði spurt með bros á vör hvort forsetinn hefði ekki átt við að þetta væri fallegasta gönguleið í heimi. 😊

Að hlaupi loknu þótti mér vænt um að taka við heillaóskum frá ungum sem öldnum og einsetti fólk sér að virða sóttvarnarreglur. Á mynd sem hér fylgir er ég með hlaupara af pólsku bergi brotnu og höldum við á fána pólsks félagsskapar hér á landi. Ung stúlka var meðal þeirra sem voru við lokamarkið og kvaðst hún vel geta hugsað sér að verða forseti einn daginn. Ég hvatti hana til dáða í því og sagði eitthvað á þessa leið, muni ég rétt: „Vertu dugleg í náminu öllu í skólanum, finndu það sem þér finnst skemmtilegast að gera og leggðu sérstaka rækt við það. Og láttu aldrei neinn vaða yfir þig.“ Þurfi hjálp við það skulum við sem samfélag vera til taks.